

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um uppbyggingu hjúkrunarheimila.

Frá Árna Páli Árnasyni.

Hvernig hyggst ráðherra tryggja fjármuni til uppbyggingar hjúkrunarheimila úr því að fjármála- og efnahagsráðherra hefur lýst andstöðu við leiguleið og í fjárlagafrumvarpi er gengið á það fé sem er til ráðstöfunar til uppbyggingar hjúkrunarheimila í Framkvæmdasjóði aldraðra? Ef hvorki er stefnt að uppbyggingu með lánum né með uppsöfnun eigin fjár, hvernig á þá að standa að uppbyggingunni?